

**Nd.**

## **82. Tillaga**

til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir samvinnufélagið „Grím“ í Borgarnesi lán til kaupa á línuveiðara, allt að 125 þús. kr., gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Félag þetta var stofnað í Borgarnesi síðastliðið ár, í þeim tilgangi að hrinda á stað útgerð í kaupúninu, og standa að því flestir fulltíða karlmenn á staðnum.

Nú á síðari árum hefir verið tilfinnanlegur atvinnuskortur í Borgarnesi, eins og í fleiri kaupúnum. Atvinnurekstur þar hefir aðallega verið byggður upp á verzlun og samgöngum. En í kreppunni hefir dregið mikið úr verzluninni og samgöngur á milli Reykjavíkur og Norðurlands, sem áður lágu um Borgarnes, lagzt þar frá að nokkru leyti, eftir að bilferðir hófust um Hvalfjörð og um Kaldadal. Sambliða þessu hefir fólkinu fjölgað, svo að atvinnuástandið hefir vitanlega stórum versnað. Að visu hafa kaupúnsbúar notað eftir föngum þá möguleika, sem fyrir hendi eru til landbúnaðar, bæði garðyrkju og búfjárræktar, en skilyrði eru þröng og möguleikar ekki miklir til atvinnuaukningar á því sviði. Það er því eðlilegt, að Borgnesingum yrði fyrir að líta til sjávarins, þegar um nýja, arðbæra atvinnu er að ræða. Nú er komin upp fullkomin höfn í Borgarnesi með hafskipabryggju, og þó að skip á stærð við venjulega línuveiðara verði að sæta sjávarföllum um innsiglingu, þá hefir það ekki svo mikið að segja um skip, sem hafast við á rúmsjó við veiðar og þurfa ekki að koma til að losa sig við afla nema endrum og eins. Munar það ekki neinu sem nemur, hvort þau sigla af hafi t. d. til Reykjavíkur, Akraness eða Borgarness. Það er því engin ástæða til að ætla, að útvegur geti ekki borið sig þar eins og annarsstaðar við Faxaflóa. Það eru því einlæg tilmæli mín til báttv. Alþingis, að það veiti þessa hjálp til að koma undirstöðu undir nýjan atvinnurekstur í kaupúninu, sem bætt geti úr yfirstandandi og auknu atvinnuleysi, bæði fyrir þá, sem færir eru um að stunda sjóinn, og hina (unga og gamla), er unnið geta að fiskverkun í landi.

Nánar í framsögu.